

VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF REYKJAVÍKURBORGAR, 1. FLOKKUR 2005, SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 30 júní nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru jafngreiðslubréf til 20 ára og bera fasta, flata 3,79% ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 10. febrúar 2005. Bréfin verða skráð fimmtudaginn 30. júní nk. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með 40 greiðslum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 17. ágúst 2005 og í síðasta sinn þann 17. febrúar árið 2025. Vextir reiknast frá útgáfudegi og greiðast á 40 gjalddögum, þann 17. ágúst og 17. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 17. ágúst árið 2005 og í síðasta sinn 17. febrúar 2025. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 er 1.500.000.000 kr. Frá og með vaxtagjalddaga 17. febrúar árið 2010 og á öllum gjalddögum þar eftir er Reykjavíkurborg heimilt en ekki skylt að innkalla öll þau skuldabréf sem gefin voru út í 1. flokki 2005. Verði innköllunarheimildin nýtt skal Reykjavíkurborg greiða skuldina með áföllnum verðbótum og vöxtum. Hafi bréf verið innkallað með ofangreindum hætti reiknast hvorki verðbætur né vextir á skuldina eftir þann gjalddaga sem Reykjavíkurborg innkallar bréfið.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður RVK 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is